

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Egilsstöðum 25. ágúst 2022

Efni: Svalaskjól að Hamragerði 3, 5 og 7.

Bréf þetta er ritað í framhaldi af samskiptum við verkefnastjóra á umhverfis- og framkvæmdasviði, Vordísi Jónsdóttur. Vil ég með því lýsa aðkomu minni og gera tilraun til að fá leyfi fyrir þeirri útlitsbreytingu sem fylgir lokun svala á ofangreindum fjölbýlishúsum.

Málavextir:

Í vor tók undirritaður að sér, með umboði 2/3 hluta eigenda í ofangreindum húsum, að leita eftir því að sótt verði um leyfi til breytinga á útliti húsanna sem tengdist gerð svalaskjóls fyrir samtals fimm íbúðir. Arkitektinum Kristni Ragnarssyni var falin gerð umsóknanna og tilskyldra teikninga og að koma þeim á framfæri við viðkomandi bæjaryfirvöld.

Eftir símtöl arkitektsins við Vordísi, sendi hún honum tölvupóst, þar sem skilja mátti að boðið væri upp á að sækja um heimild til breytinga fyrir allar blokkirnar, ef til frekari framkvæmda yrði stofnað í framtíðinni.

Þar sem mér sýndist að þetta væri minniháttar fjárhagslegt atriði fyrir viðkomandi húsfélög, leitaði ég eftir formlegu samþykki stjórna þeirra um að greiða breytingagjald, sem átti að vera um það bil 40 þús. kr. fyrir hvert hús. Hef ég fengið þær heimildir nú þegar.

Í millitíð áttu sér stað símtöl milli Vordísar og Kristins, sem ég var ekki vitni að, en skilja má af frásögnum beggja að heimild þessi sé háð því að fyrirfram verði teiknuð svalalokun fyrir allar íbúðir í húsunum. Í nýlegu símtali við mig áréttaði Vordís þetta skilyrði.

Áður en ég leitaði til arkitektsins hafði ég gert rækilega könnun á því hverjir væru tilbúnir að ráðast í þessar framkvæmdir. Niðurstaðan varð sú að fimm eigendur samþykktu að sækja um leyfið, aðrir höfnuðu, en tilskilinn meirihluti íbúðaeigenda samþykkti þær breytingarnar.

Rökstuðningur:

1. Nú standa ekki fyrir dyrum breytingar á næstunni. Sé ég mér því ekki fært að leita eftir slíkum samþykktum eigenda, enda kemur eftirfarandi fram í tölvupósti Vordísar til Kristins arkitekts þann 18. júlí sl: „Eins og fram kemur í textanum eru svo sendar inn sérteikningar frá framleiðanda **þegar viðkomandi íbúð hyggst nýta þennan möguleika**“. (Leturbr. undirritaðs). Í texta þeim sem Vordís vitnar í og lagt er til að settur verði inn á aðaluppdrátt stendur „**Ef til kemur** (leturbr. undirritaðs) verða lagðar inn sérteikningar af uppsetningu svalaskýlis til byggingafulltrúa“.

2. Búast má við eigendaskiptum að einhverjum eignarhlutum í umræddum fjöleignarhúsum, og því tel ég ekki rétt að núverandi eigendur eigi hlut að máli, þegar til breytinga kemur, ef til vill í fjarlægri framtíð.


Krafa/málaleitan.

Í ljósi þess sem að framan greinir fer ég þess á leit að ráðið veiti þá heimild sem fram kemur í tölvupósti Vordísar frá 18. júlí síðastliðnum, og vitnað er til hér að framan, gegn þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Geti ráðið ekki orðið við þeirri beiðni krefst ég þess að veitt verði hin fimm umsóttu leyfi og að húsfélögin verði ekki krafín greiðslu á breytingagjaldi því sem boðað er í þeim samskiptum sem við Kristinn arkitekt höfum átt við Vordísi Jónsdóttur verkefnastjóra.

Vænti þess að ráðið leysi úr þessu máli hið fyrsta og að niðurstaðan verði send undirrituðum í netfang sigurjon@bokstafur.is og til Kristins Ragnarssonar í netfang kristinn@krark.is

Virðingarfyllt.



Sigurjón Bjarnason